

## REGLUR

### um breytingu á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Múlaþingi, nr. 175/2023.

1. gr.

7. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

7. gr.

*Fjárhæðir vegna mats á áhrifum tekna.*

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við tekjumörk samkvæmt leiðbeiningum fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið gefur út árlega. Tafla með gildandi tekjumörkum hverju sinni er birt á heimasíðu Múlaþings.

Tekið er mið af fjölda heimilismanna við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings. Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfelli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

2. gr.

8. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

8. gr.

*Fjárhæð vegna mats á áhrifum eigna.*

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við eignamörk samkvæmt leiðbeiningum fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið gefur út árlega. Gildandi eignamörk hverju sinni eru birt á heimasíðu Múlaþings.

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings er tekið mið af eignum umsækjanda og annarra heimilismanna.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og byggjast á meginreglum þeirra laga, sbr. einkum 1. gr. og IV. kafla, taka þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings 16. ágúst 2023.

*Egilsstöðum, 17. ágúst 2023.*

**Björn Ingimarsson** sveitarstjóri.